



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 20. október 2022
MSS22090011

Til stafræns ráðs
Borgartúni 12-14

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins um stöður lögfræðinga á Þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Vísað er til bréfs, dagsett 15. september 2022, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um stöðu lögfræðiþjónustu sviðsins, þ. á m. fjölda lögfræðinga, laun, skipurit, lengd ráðningarsamninga og aðkomu að lausnum sem tengjast þjónustu við íbúa og starfsfólk.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Hjálagt: svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins MSS22090011 um stöður lögfræðinga á Þjónustu- og nýsköpunarsviði, heimild til að gangsetja stafræn þróunarteymi ÞON21050021, kynning á lögfræðiþjónustu Þjónustu- og nýsköpunarsviðs ÞON22090006, Reglur Reykjavíkurborgar um önnur laun.



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins um stöður lögfræðinga á Þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Á fundi stafræns ráðs þann 14. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Í ársskýrslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs er kafli sem ber heitið lögfræðiþjónusta. Lögfræðiþjónusta sviðsins var formlega stofnuð á árinu ásamt því að starfsfólki var fjölgað. Helstu verkefni þjónustunnar eru sögð snúa að ráðgjöf til starfsfólks sviðsins varðandi öll lögfræðilega álitaefni sem koma upp í umbótaverkefnum. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvað margir lögfræðingar starfa á sviðinu? Hver eru laun þeirra (meðaltalslaun)? Hvernig er skipurit þessarar stéttar innan sviðsins? Hvað margir voru ráðnir í upphafi og hverjir starfa þarna núna? Hvað margir eru ráðnir tímabundið og hvenær lýkur þeirra starfssamningi? Hvað mikið af þeirra vinnu hlutfallslega fer einungis í ráðgjöf af ýmsu tagi. Hvernig nýtast lögfræðingarnir í vinnu við gerð og virkni lausna sem snúa að innritunarmálum t.d. í leikskólum, umsóknum um byggingarleyfi, og aðrar lausnir sem snúa beint að þjónustu við fólkið, til að liðka fyrir og einfalda þjónustu og vinnu starfsfólk?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 15. september 2022.

Svar:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvað margir lögfræðingar starfa á sviðinu? [...] Hvað margir voru ráðnir í upphafi og hverjir starfa þarna núna? Hvað margir eru ráðnir tímabundið og hvenær lýkur þeirra starfssamningi?

Á Þjónustu- og nýsköpunarsviði starfa fjórir lögfræðingar í teymi lögfræðinga, einnig nefnt lögfræðiþjónusta ÞON. Fyrsti lögfræðingur sviðsins kom til starfa um það leyti sem sviðið var stofnað eða um mitt ár 2019. Annar lögfræðingur sviðsins kom til starfa um mitt ár 2020. Þriðji og fjórði lögfræðingur sviðsins komu til starfa um mitt ár 2021.



Síðari tveir lögfræðingarnir voru ráðnir með heimild til að gangsetja stafræn þróunarteymi (PON21050021) sem samþykkt var í borgarráði þann 3. júní 2021 sbr. 13 lið fundargerðar ráðsins dagsett sama dag. Ráðningin er bundin við Græna planið og átak borgarinnar í stafrænni umbreytingu. Eins og segir í heimildarbeiðninni er um tímabundnar ráðningar að ræða en áætlaður framkvæmdartími átaksverkefnisins er t/m desember 2023.

Hver eru laun þeirra (meðaltalslaun)?

Lögfræðingar sviðsins fá laun, eins og aðrir lögfræðingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg, samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags lögfræðinga.

Stöður lögfræðinga á Þjónustu- og nýsköpunarsviði eru skilgreindar af sviðinu sjálfu. Röðun stöðu í starf og grunnlaunaflokk er hinsvegar framkvæmd af Verkefnastofu starfsmats. Starfsmatið er viðvarandi samstarfsverkefni þeirra sveitar- og stéttarféлага sem um það hafa samið í kjarasamningum og þau mynda með sér starfsmatsnefndir, annars vegar hjá Sambandi íslenskra sveitarféлага og hins vegar hjá Reykjavíkurborg.

Starfsmatskerfið, sem ákvörðun Verkefnastofunnar byggir á, er greiningartæki sem er notað til að meta með kerfisbundnum hætti þær kröfur sem störf gera til starfsmanna. Kerfið byggir á hlutlægum viðmiðum sem notuð eru til að bera saman störf í samræmi við þær kröfur sem í störfunum felast, óháð hæfni þeirra sem þau vinna.

Markmið starfsmatsins er að tryggja að starfsmönnum séu ákvörðuð laun með eins málefnalegum og hlutlægum aðferðum og hægt er og raða störfum til grunnlauna þannig að þau séu hin sömu fyrir störf sem metin eru jafnkrefjandi, óháð starfsstöðum, stéttarfélagi eða kyni.

Lögfræðingum sviðsins hefur verið raðað í starf lögfræðings 4 og grunnflokk 280 sem samkvæmt launatöflu Stéttarfélags lögfræðinga er tók gildi 1. janúar 2022 jafngildir 620.151 kr.

Ofan á grunnlaunaflokkana bætist svo persónuálag sem bundið er í kjarasamninga. Álag á hvert starf er ákveðið með samræmdum hætti fyrir alla borgina af launaskrifstofu Fjármála- og áhættustýringasviðs og byggir ákvörðun á innsendum gögnum þ.e. staðfestum menntunargögnum og starfsvottorðum hvers einstaklings fyrir sig. Álag er því ávallt persónubundið og getur samkvæmt kjarasamningi verið: 1,5%, 3%, 4,5%, 6%, 7,5% eða 9%.

Við ráðningu var álag á störf lögfræðinga á Þjónustu- og nýsköpunarsviði á bilinu 7,5%-9%.

Þá er samkvæmt 1.1.3. grein í kjarasamningnum heimilt að greiða önnur laun með mánaðarlegri greiðslu. Önnur laun geta m.a. verið vegna reglubundinnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun kunna að vera breytileg frá einum tíma til annars þar sem forsendur að baki þeirra geta tekið breytingum, bæði að efni og umfangi.



Önnur laun eru ákvörðuð af sviðsstjóra viðkomandi sviðs og byggja á reglum Reykjavíkurborgar um önnur laun sem samþykkt voru 1. janúar 2021. Markmiðið með reglunum er að setja skýr málefnaleg viðmið um það hvenær heimilt er að gera samninga við einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar um föst laun til viðbótar grunnlaunum, sem byggja á gagnsæjum og málefnalegum ástæðum, eru til hagræðis fyrir hlutaðeigandi starfsstöð Reykjavíkurborgar, samræmarst vinnuverndarreglum og ganga ekki á svig við jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi borgarinnar.

Launabilið fyrir „önnur laun“ á Þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir störf lögfræðinga er 250.000 - 280.000 kr.

Hvernig er skipurit þessarar stéttar innan sviðsins?

Lögfræðiþjónustan er skilgreind sem teymi, yfir teyminu er teymisstjóri. Teymið er staðsett á skrifstofu sviðsstjóra og heyrir því undir skrifstofustjóra skrifstofu sviðsstjóra.

Hvað mikið af þeirra vinnu hlutfallslega fer einungis í ráðgjöf af ýmsu tagi.

Eins og segir í fyrr greindri heimild þá eru lögfræðingar sviðsins ráðnir inn til að tryggja vinnsluhraða og framgang umbreytingateyma er starfa að stafrænni umbreytingu inni í borgarkerfinu. Lögfræðiþjónustan vinnur í ákveðnum verkhlutum í framkvæmd rekstrar og fjárfestingaverkefna sviðsins og ryður þar hindrunum úr vegi.

Störf og ráðgjöf lögfræðinga Þjónustu- og nýsköpunarsviðs felast meðal annars í:

Lögfræðingar aðstoða við útboð og innkaup, hvort sem þau eru undir eða yfir viðmiðunarfjárhæðum, aðstoða við gerð útboðslýsinga, við svörun fyrirspurna í útboðum og eftirfylgni samninga. Einnig reka lögfræðingar sviðsins DPS samninga sviðsins.

Lögfræðingar koma að samningastjórnun, hafa útbúið samningasniðmát fyrir sviðið vegna innkaupa undir viðmiðunarfjárhæðum og aðstoða starfsmenn að stýra samningum á samningstíma, þ. á m. í tengslum við uppsögn samninga, vanefndir og framlengingu.

Lögfræðingar sviðsins starfa við hlið þróunarteyma við hönnun nýrra lausna með það að markmiði að tryggja innbyggða og sjálfgefna stjórnsýslu í lausnunum.

Í stafrænum verkefnum einblína lögfræðingar sviðsins á áhrif þess að þjónustuferli við íbúa og aðra sem sækja þjónustu Reykjavíkurborgar, fari í stafrænt form. Þeirra hlutverk er því að greina hvaða löggjöf á við, hvaða reglur gilda og hvaða áhrif það mun hafa á ferlið að stafvæða það.



Lögfræðingar aðstoða við gerð vinnslusamninga, mats á áhrifum á persónuvernd („MÁP“), vinnsluskrár og annarra álitaefna sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga.

Lögfræðingar sviðsins vinna einnig náið með öðrum lögfræðingum Reykjavíkurborgar og stoðsviðum svo sem Innkaupaskrifstofu við samræmingu innan málaflokksins þvert á svið.

Lögfræðingar sviðsins eiga einnig í samstarfi við Stafrænt Ísland, þar sem unnið er að aðlögun lausna Stafræns Íslands að þörfum sveitarfélaga, auk innleiðingar á stafrænu pósthólfi, innleiðingu umboðskerfisins ofl.

Þá eru lögfræðingar sviðsins í samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hluti þess samstarfs felst í samstarfs persónuverndarfulltrúa og samstarf í tengslum við lög nr. 86/2012 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Auk þess er virkt samtal á milli sambandsins og lögfræðinga sviðsins um áhrif stafrænnar umbreytingar á þjónustupega í lagalegum skilningi.

Þá er opið samtal við aðrar opinberar stofnanir, svo sem Ríkiskaup og stofnanir sem glíma við sambærilegar áskoranir og Reykjavíkurborg, svo sem um innkaup á hugbúnaðarlausnum og breytingar á samsetningu hugbúnaðar (þ.e. „Composable IT“) og nýsköpun í opinberum innkaupum.

Hvernig nýtast lögfræðingarnir í vinnu við gerð og virkni lausna sem snúa að innritunarmálum t.d. í leikskólum, umsóknum um byggingarleyfi, og aðrar lausnir sem snúa beint að þjónustu við fólkið, til að liðka fyrir og einfalda þjónustu og vinnu starfsfólk?

Í verkefninu sem varðaði innritun í grunnskóla, sat lögfræðingur frá sviðinu hjá teyminu ásamt lögfræðingi frá fagsviðinu (skóla- og frístundasviði). Höfðu þeir það hlutverk að tryggja innbyggða og sjálfgefna stjórnýslu, huga að persónuvernd íbúa og tryggja hlítinu við lög og reglur sem um innritun í grunnskóla gilda. Í verkefnunum sem varða innritun í leikskóla og umsóknir um byggingarleyfi situr lögfræðingur frá sviðinu hjá teyminu á sama hátt.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,

Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Reykjavík, 12. maí 2021
PON21050021

Til borgarráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Heimild til að gangsetja stafræn þróunarteymi og hefja verkefni.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að ráðstafa áætluðu fjármagni samkvæmt frumkostnaðaráætlun í verkefnið stafræn þróunarteymi. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaáætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – rafvæðing ferla / U-STAFRAENTHR. Áætlaður framkvæmdatími verkefnis er maí 2021 t/m desember 2023.

Vísað er til minnisblaðs þess efnis, dagsett þann 12. maí 2021.

Fyrir hönd þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Arna Ýr Sævarsdóttir

Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytingar



Reykjavík, 12. maí 2021

PON21050021

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga

Efni: Heimild til að gangsetja stafræn þróunarteymi og hefja verkefni.

Óskað er eftir að borgarráð heimili Þjónustu- og nýsköpunarsviði að ráðstafa áætluðu fjármagni samkvæmt frumkostnaðaráætlun í verkefnið stafræn þróunarteymi. Áætlaður heildarkostnaður á árinu 2021 eru 366 mkr. samkvæmt frumkostnaðaráætlun. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2101 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaáætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – rafvæðing ferla / U-STAFRAENTHR. Áætlaður framkvæmdatími verkefnis er maí 2021 t/m desember 2023.

Greinargerð:

Til að auka hraða í stafrænni umbreytingu þjónustu fag- og kjarnasviða Reykjavíkurborgar er lagt til að 6 þróunarteymi og eitt stoðteymi verði gangsett þeim til stuðnings á árunum 2021 - 2023. Stefnt er að því að teymin muni fara í gegnum 84 þjónustu- og umsóknaferla hjá borginni til loka árs 2023 og umbreyta þeim þar sem stafræn tækni og notendamiðuð hönnun mun verða nýtt til aukinnar skilvirkni, gegnsæi og notendamiðaðar upplifunar. Nú liggur fyrir skipulag og umgjörð þessarar vinnu og óskað er því eftir heimild til að hefja verkefnið sem skiptist í þrjá þætti:

1. Stafrænir leiðtogar sviða
2. Stafræn umbreytingateymi
3. Stafrænt stoðteymi

Til þess að tryggja skilvirkni, skýrt eignarhald og samræmda sýn þarf starfræna leiðtoga inn á öll svið borgarinnar sem starfa náið með þjónustu- og nýsköpunarsviði sem og sviðsstjórum viðkomandi sviða að því markmiði að ná fram þjónustubreytingu og nýta stafrænar lausnir sem þróaðar eða keyptar verða á tímabilinu. Hlutverk stafrænna leiðtoga er að bera kennsl á tækifæri og áskoranir inni á sviðum og styðja við þróun þeirra yfir í verkefni og afurð. Stafrænir leiðtogar forgangsraða verkefnum inni á sviðum í samráði og samstarfi við framkvæmdastjórn þeirra hverju sinni og fylgja eftir verkefnum frá áskorun yfir í afurð. Ráðnir verða tímabundinni ráðningu sjö stafrænir leiðtogar sviða og verður skipting eftirfarandi:



1. Umhverfis- og skipulagssvið, eitt stöðugildi
2. Menningar- og ferðamálasvið, eitt stöðugildi
3. Skóla- og frístundasvið, eitt stöðugildi
4. Íþrótt- og tómstundasvið, eitt stöðugildi
5. Velferðarsvið, eitt stöðugildi
6. Fjármála- og áhættustýringasvið, eitt stöðugildi
7. Miðlæg stjórnsýsla og mannauðs- og starfsumhverfissvið, eitt stöðugildi

Stafræn umbreytingateymi Reykjavíkurborgar eru teymi sem vinna að stafrænum þjónustuumbreytingum á öllum helstu þjónustuleiðum borgarinnar. Teymin leiða þjónustuumbreytingar innan sviða og stofnana borgarinnar með þjónustustefnu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi. Teymin samanstanda af sérfræðingum sem koma frá viðkomandi sviði eða eigendum þjónustunnar sem og þróunar og umbreytingasérfræðingum frá þjónustu- og nýsköpunarsviði. Saman vinna þessi teymi að fyrirfram afmörkuðum verkefnum og áskorunum er fela í sér umbreytingu á þjónustu þar sem notendamiðuð nálgun og stafrænar lausnir eru nýttar til að einfalda og bæta þjónustuupplifun borgarbúa. Ráðið verður tímabundið í eftirfarandi stöður sem skiptast á milli sex teyma:

1. Framleiðandi (*e. producer*), sex stöðugildi
2. Tæknistjóri (*e. delivery lead*), sex stöðugildi
3. Þjónustuhönnuður (*e. user research*), sex stöðugildi
4. Viðmótshönnuður (*e. UX/UI*), sex stöðugildi
5. Forritari f. bakenda, tólf stöðugildi
6. Forritari f. framenda, sex stöðugildi
7. Samþættingarforritari, eitt stöðugildi

Til að tryggja vinnsluhraða og framgang teyma er starfa að stafrænni umbreytingu inni í borgarkerfinu eru stöðteymi í kringum teymin mikilvæg. Stöðteymi er hópur sérfræðinga sem vinnur markvisst að ákveðnum verkhlutum í framkvæmd umbreytingaverkefnanna s.s. stafrænni persónuvernd og öðrum lagalegum álitamálum, opinberum innkaupum og samningagerð, gagnahögun, gæðastjórnun, fjármála- og áhættustýringu. Teymin ryðja hindrunum úr vegi og veita ráðgjöf þar sem þörf er á. Ráðið verður tímabundið í eftirfarandi stöður:

1. Lögfræðingur, tvö stöðugildi
2. Sérfræðingur í ferlum, gæða- og áhættustýringu, eitt stöðugildi
3. Sérfræðingur í innri og ytri samskiptum, eitt stöðugildi
4. Sérfræðingur í mannauðsmálum, eitt stöðugildi
5. Sérfræðingur í fjármálum, eitt stöðugildi
6. Gagnagreininir, eitt stöðugildi

Markmið framangreindra teyma er að styðja svið borgarinnar við framfylgd og eftirfylgd innleiðingar á þjónustustefnu borgarinnar á forsendum Græna plansins. Endurhugsa þjónustur borgarinnar út frá notendamiðaðri hönnun, nýta bestu fáanlegu stafrænar lausnir til að færa þjónustuna nær notandanum og auka sjálfbærni og skilvirkni í þjónustuveitingu.



Áætlaður heildarkostnaður á árinu 2021 eru 366 mkr. samkvæmt frumkostnaðaráætlun og verður hann greiddur af eignasjóði sbr. samþykki borgarráðs 26. mars sl. um heimild Þjónustu- og nýsköpunarsviðs að hefja verkefnaklasa í tengslum í við stafrænar umbreytingar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir og fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarkostnaður verkefnis: 2.394 milljónir króna á tímabilinu maí 2021 t/m desember 2023.

Kostnaðarstaður: 2101 Áhöld, tæki og búnaður: stafræn umbreyting – rafvæðing ferla / U-STAFRAENTHR

Fyrir hönd Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir

Skrifstofustjóri þjónustu og umbreytingar

Reglur um gerð samninga við starfsmenn Reykjavíkurborgar um önnur laun á grundvelli gr. 1.1.3 í kjarasamningum Reykjavíkurborgar

1. gr. - Markmið

Markmiðið með reglum þessum er að setja skýrar reglur og málefnaleg viðmið um það hvenær heimilt er að gera samninga við einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar um föst laun til viðbótar mánaðarlaunum sem byggja á gagnsæjum og málefnalegum ástæðum, eru til hagræðis fyrir hlutaðeigandi starfsstöð Reykjavíkurborgar, samræmast vinnuverndarreglum og ganga ekki á svig við jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar.

2. gr. - Skilgreiningar

Með samningi um önnur laun er átt við samkomulag á milli yfirmanns og starfsmanns um greiðslur fyrir vinnuframlag eða ígildi þess utan hefðbundins vinnutíma starfsmanns, þ.m.t. vegna reglubundinnar yfirvinnu, og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma.

3. gr. - Skilyrði

Heimilt er að gera samning við starfsmann um önnur laun ef eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

1. Samningur um önnur laun er gerður skriflega milli starfsstaðar og starfsmanns með samþykki sviðsstjóra á staðlað samningsform frá mannauðs- og starfsumhverfissviði (sjá eyðublað á innri vef, Fróða).
2. Samningur við starfsmann um önnur laun verður að byggja á raunhæfu mati á starfstengdu álagi sviðs/starfsstaðar og því yfirvinnuframlagi eða ígildi þess sem starfsmanni er að jafnaði ætlað að sinna yfir lengra tímabil (12 mánuði að lágmarki).
3. Ekki er heimilt að greiða starfsmanni sem hefur samning um önnur laun jafnframt mælda yfirvinnu eða greiða honum fyrir mælda yfirvinnu með fríi skv. gr. kjarasamninga þar um.
4. Í samningsforsendum skal kveðið á um reglubundna endurskoðun samkomulagsins, að lágmarki árlega, m.a. vegna breytinga á starfstengdu álagi, og uppsagnarfrest á samningnum. Þá skal jafnframt kveðið á um að reynist virði unninnar yfirvinnu¹ á tilteknu tímabili hærra en greitt er samtals í öðrum launum er það á ábyrgð starfsmanns og stjórnanda að taka upp samtal um endurskoðun samkomulagsins þannig að jafnvægi komist á. Ennfremur skal kveðið á um það í samningsforsendum að starfsmanni beri að skrá daglega viðveru í viðverukerfi Reykjavíkurborgar, skv. nánari reglum þar um.
5. Samningar um önnur laun starfsmanna og endurskoðun þeirra skulu undirritaðir af hálfu starfsstaðar með skýrum fyrirvara um staðfestingu sviðsstjóra sem gengur úr skugga um forsundur samningsins og ber ábyrgð á honum af hálfu sviðsins. Senda skal frumrit samnings til launaskrifstofu.

4. gr. - Ábyrgð og eftirlit

Sviðsstjórar bera ábyrgð á framkvæmd þessara reglna hver á sínu sviði. Mannauðs- og starfsumhverfissvið ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd þessara reglna.

5. gr. - Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2022.

Reykjavík, 16. desember 2021


Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

¹ Unnin yfirvinna tekur til virði unninnar yfirvinnu samkvæmt gr. 1.4 í kjarasamningi aðila.



Reykjavík



Lögfræðipjónusta ÞON

- helstu verkefni

- 1 Stjórnsýsluréttur
- 2 Persónuvernd
- 3 Opinber innkaup
- 4 Samningar
- 5 Lögfræðin í stafrænum verkefnum



Fyrirvari: ekki tæmandi talið

Reykjavíkurborg

Þjónustu- og nýsköpunarsvið



Hlítni ... „by design“!



1 Hönnun á nýrri framtíð

Eru ekki aðeins að fara úr gömlum upplýsingakerfum í ný. Við erum að hanna „stjórnkerfið“ sjálft upp á nýtt!

Dauðafæri til að leiðrétta innbyggða kerfismismunun, flöskuhálsa og brot ... passa að smíða ekki inn nýja!

Digital Rights Borgararéttindi í stafrænum veruleika!

2 Reglustjórnun

Sett lög, reglur og samþykktir eru bindandi fyrir mæli sem sveitarstjórn getur nýtt til að tryggja varanlega og fyrirsjáanlega framkvæmd á ýmsum sviðum s.s. í starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins.

Kallar á samstarf lögfræðinga sviðanna

3 Traust almennings

Sandkassinn (e. sandbox) = Umhverfi til að prófa nýjar vörur, tækni og þjónustu undir eftirliti yfirvalda. Tilgangurinn er að auka skilning á þeim kröfum sem eru gerðar sem og á tæknilausnunum sjálfum. Markmiðið er að örva nýsköpun s.s. gervigreind með siðferðislegum og ábyrgum hætti. Fyrirmynd!

4 Reglur stjórnsýsluréttarins

Réttindi og skyldur = Leiðbeiningaskyldan, rannsóknarreglan, jafnræðisreglan, málshraði, tilkynningar um málsmeðferð, meðalhófsreglan, andmælarétturinn, upplýsingarétturinn. Birting stjórnvaldsákvarðana, kærueimild og -frestur o.fl..

5 Rafræn meðferð stjórnsýslumála

Heimildir til rafrænnar meðferðar máls, formkröfur, frumrit og afrit, rafrænar undirritanir, rafræn birting ákvörðunar, varðveisla rafrænnar niðurstöðu etc ...


6 Lög um persónuvernd

Ábyrgðaskyldan, fræðsluskyldan, umboð, upplýst samþykki o.fl ... Söfnun, meðferð og öryggi persónuupplýsinga.

Úrskurðir og útfærslur þeirra. Dæmi: Vinnsla og miðlun upplýsinga um leikskólabarn. Umboðskerfi stjórnvalda.



Stafræn borgararéttindi



1 Stafræn persónuvernd

Persónuvernd - þróast meira og meira út í stafræna persónuvernd því lengra sem við förum inn í stafræna stjórnslu og stafrænt náms- og starfsumhverfi.

Kallað eftir stýringu af hálfu ÞON.

2 Mat á áhrifum á persónuvernd

MÁP – fáir lögfræðingar á öðrum sviðum sem hafa reynslu af gerð MÁPs. Eðli málsins samkvæmt eru þeir sérfræðingar í þeim lögum sem varða þann málaflokk sem undir þeirra svið heyrir.

Námstæki – Chromebækur og IPaddar
Námsumsjónarkerfi – Google workspace f. education
Kennsluhugbúnaður – Seesaw og 600 önnur

Kallað er eftir forystu og stýringu af hálfu ÞON.

3 Tilkynningar, athuganir, úrskurðir

Óttinn: Belti, axlabönd, fallhlíf, súrefnisgrímu, björgunarvesti, talstöð, joð töflur og blöðkur!

Hlaðan, QuestionPro etc.

4 Leitin að jafnvægi

Hvað er ásættanleg áhætta?

Ætlum við að áhættumeta öll smáforrit
Ætlum við að MÁPa öll smá smáforrit
Ætlum við að skanna öll smáforrit

5 Upplýsingatækniöryggi

Landamæri hins stafræna heims eru alþjóðleg og óáþreifanleg. Við verðum aldrei 100% örugg!

Markmið borgarinnar er að a) byggja upp og viðhalda öryggisvörnum b) takmarka eftir fremsta megni skaða með réttum viðbrögðum



Útboð og innkaup - hástökk



1 Stórinnaup

Mikill árangur og sparnaður.

Búnaðarkaup, fela í dag einnig í sér þjónustu birgja við uppsetningu.

2 Nýsköpun í innkaupum - DPS

Útboð á þjónustu sérfræðinga í gegnum gagnvirk innkaupakerfi eða svokallaðan DPS samning – Dynamic Purchasing system.

Fyrirtæki geta skráð sig og dregið sig úr samningnum hvenær sem er. Borgin kaupir þjónustu með gagnsæjum hætti og hefur framkvæmd á innan við sólarhring. Einfalt og gagnsætt fyrir alla aðila.

Samningurinn tekur til ólíkra þjónustupátta s.s. Skýjaþjónustu, forritun, kerfisstjórnun, vöruþróun, vefrþóun, grafíska hönnun, þjónustuhönnun etc.

3 Eignarhald gagna

Skýrt er kveðið á um eignarhald borginnar á stafrænum gögnum í samningum við birgja, sem safnað og skráðar eru í kerfum þeirra, hliðarkerfum og gagnasöfnum.

Mentor. Vala. etc.

4 Vinnslu(ramma)samningar

Stöðlun verklags í tengslum vð persónuvernd. Útgáfa á samræmdum vinnslusamningi fyrir öll svið borgarinnar bindur þá sem vinna með persónugögn borgarinnar trúnaði, svo sem hýsingaraðila, þjónustuaðila og undirverktaka í upplýsingatækni.

5 Áhættustýring

Samræmt verklag innleitt við áhættustýringu með það að markmiðið að tryggja gæði og árangur fjárfestinga og afurða verkefna, stýringu áhættu og umbótaverkefna og skýra ábyrgðaskiptingu



Útboð og innkaup - hindranir



1 Útboð hugbúnaðarleyfa

Lögin um opinber innkaup leyfa ótímabundinn samning á nytjaleyfum. Ríkiskaup með rammamninga um hugbúnaðarleyfi.

Innkaupareglur borgarinnar heimila ekki ótímabundna samninga. Allar áskriftir því bannaðar. Innkaup ekki árangursrík og endum oftast með drasl en ekki. Með breytingu á innkaupareglum borgarinnar gætum við gert rammamning eins og ríkið, náð bæði hagræði og betri lausnum í þjónustu fyrir skrifstofuumhverfi..

2 Composable IT

Í stað þess að leysa þarfir allra rekstrarþátta í einu heildarkerfi eru valdar saman „best of breed“ lausnir sem allar eru leiðandi á sínu sviði en hver um sig þjónar tilteknu hlutverki. Lausnirnar eru síðan samþættar og gefa þannig heildarmynd af rekstrinum. Þær eru hver fyrir sig auðvelt að uppfæra, skipta út fyrir nýjar, eða bæta við með samþættingu án mikils tilkostnaðar og þess að innleiða þurfi nýtt heildarkerfi.

3 Birgjalæsing (e. vendor lock-in)

Þegar breyta þarf einhverju, bæta við eða smíða þá eru engir aðrir möguleikar til skemmtri tíma aðrir en að versla við núverandi birgja. Þetta eykur kostnað, dregur úr sveigjanleika og lokar á nýjar og nýskapandi lausnir.

Fjöldinn allur af upplýsingatæknisamningum úti á sviðunum um end-to-end kerfi sem UTR stjórnar ekki en hefur áhrif á alla skölun, samnýtingu, sveigjanleika í stafrænni vegferð.

4 Óttinn við kærur

Lögin gefa engar leiðbeiningar um verklag. Þegar við erum að mæta nýjum veruleika sem engin reynsla er af, þá verðum við að fá að prufa okkur áfram í innkaupum og líta á kærur sem skref í áttina að vita meira um hvað við megum ekki.

Kærur geta líka verið af hinu góða!



Takk fyrir!

Aldís Geirdal Sverrisdóttir
Teymisstjóri lögfræðipjónustu